

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



13. febrúar 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 459. mál á 150. löggjafarþingi

Fasteignalán til neytanda og nauðungarsala (nauðungarsala og eftirstöðvar)

Frumvarp það sem hér um ræðir er svokallað lykklafrumvarp, en í því felst að gangi lánveitandi að veðtryggingu í fasteign til fullnustu fasteignaláns til neytanda, teljist sú eign vera fullnaðargreiðsla og þá sé ekki hægt að krefja neytanda um frekari greiðslur af láninu. Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu er það sprottið af frumkvæði Hagsmunasamtaka heimilanna en samtökin tóku þátt í samningu frumvarpsins og styðja því framgang þess eins og gefur að skilja.

Með núverandi útfærslu frumvarpsins hefur verið komið til móts við athugasemdir sem hafa komið fram á fyrri stigum þegar sambærileg frumvörp hafa verið lögð fram, einkum varðandi samræmingu ákvæða laga um nauðungarsölu við efni frumvarpsins og áhrif þess á eldri samninga.

Jafnframt er rétt að bregðast við sjónarmiðum í umsögn Seðlabanka Íslands dags. 5. febrúar 2020, en þar er vísað til fyrri umsagna þar sem því hefur verið haldið fram að breyting sem þessi geti haft neikvæð áhrif með því að auka útlánaáhættu, hækka vexti, draga úr framboði lánsfjár og jafnvel fjölga nauðungarsölum. Erfitt er þó að finna þar haldbær rök fyrir slíkum kenningum.

Eins og kom fram við fyrstu umræðu um frumvarpið 21. janúar 2020 hefur þvert á móti verið bent á að slík breyting geti stuðlað að aukinni varkárni og ábyrgari lánveitingum. Þar sem samhengi er á milli vaxtastigs og áhættu gæti breyting sem þessi því verið til þess fallin að halda vöxtum í skefjum, jafnvel lækka þá og leiða til meira samræmis milli lánskjara og greiðslugetu einstaklinga.

Ekki má hrapa að fyrir fram gefnum ályktunum um efnahagsleg áhrif þess að innleiða reglur eins og þær sem hér eru lagðar til og myndu fela í sér mikilvægar varnir fyrir heimilin gegn efnahagslegum áföllum. Hagsmunasamtök heimilanna minna á að heimilin eru grunnstoð samfélagsins og skiptir því fjárhagslegt öryggi þeirra ekki síður máli fyrir efnahagslífi en ýmsir aðrir þættir. Er því hvatt til þess að frumvarp þetta hljóti vandaða meðferð og verði veitt brautargengi á Alþingi.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is



5. febrúar 2020
Tilv.: 20011860

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda og lögum um nauðungarsölu (nauðungarsala og eftirstöðvar), 150. löggjafarþing, 459. mál

Með tölvupósti dags. 23. janúar 2020 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 39. gr. laga um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016 þannig að „*glati samningur um fasteignalán veðtryggingu í fasteign í kjölfar nauðungarsölu eða í tengslum við önnur atvik eða úrræði skv. 38. gr. sem leiða til yfirtöku á veði getur lánveitandi ekki krafð neytanda um frekari greiðslu eftirstöðva lánsins*“.

Frumvörp sem hafa stefnt að sama markmiði og ofangreint frumvarp hafa verið lögð fram nokkrum sinnum áður.

Bent er á að Seðlabankinn sendi umsagnir um sams konar frumvörp þann 10. desember 2009 og 4. apríl 2014 þar sem m.a. var bent á þau efnahagslegu áhrif sem slík lagasetning gæti haft.

Þá sendi Fjármálaeftirlitið (nú Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands) umsagnir við sambærileg frumvörp þann 9. júlí 2009, 7. desember 2009 og 20. apríl 2012 þar sem bent var á þau áhrif sem slík lög gætu haft á eftirlitsskylda aðila.

Loks er bent á að Seðlabankinn skilaði umsögn þann 21. júní 2013 um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi en í þeirri umsögn vísaði Seðlabankinn til umsagnar Seðlabankans frá 10. desember 2009.

Seðlabankinn telur margt af því sem fram kemur í framangreindum umsögnum enn eiga við.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: seðlabanki@seðlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605



Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Guðrún Finnberg Þórðard.
Guðrún Finnberg Þórðardóttir

Grímur Sigurðarson
Grímur Sigurðarson

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605